

72 úr honum samkvæmt tilgangi hans og birta árlega ársreikning hans á 3. nóvbr. þann hátt, er þeir koma sjer saman um. Þeir leita samþykkis ráðuneytisins um ávöxtunarstaðinn og senda ráðuneytinu árlega skýrslu um sjóðinn.

73
5. nóvbr.

SAMÞYKT

um

leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga.

1. gr.

Þegar einhver óskar að fá leigða lóð, sem er eign bæjarsjóðs, til að byggja á henni íbúðarhús, skal lóðin — ef bæjarstjórnin vill leigja hana — látin á leigu með þeim kjörum, sem fyrir er mælt í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Lóðin skal látin á leigu til 75 ára og sje leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurjett sinn, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á lóðinni verða gjörð. Rjettur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefir undirgengist gagnvart lóðareiganda með leigusamningnum.

Ef hentugt þykir að leigja einstakar lóðir til styttri tíma en 75 ára, til þess að leigutími allra lóða í sömu lóðabyrpingu endi á sama ári, getur bæjarstjórnin ákveðið styttri leigutíma en 75 ár fyrir slíkar lóðir.

Leigutaki skal hafa byrjað á byggingu íbúðarhúss á leigulóðinni eigi síðar en 6 mánuðum eftir dagsetningu leigusamnings, og hafa húsið fullgert og íbúðarhæft eigi síðar en 2 árum eftir dagsetningu leigusamnings, ella fellur samningurinn úr gildi.

3. gr.

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða lögð verða á hina leigðu lóð.

Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi.

4. gr.

Ársleiga af lóðinni skal vera 5% — fimm af hundraði — af fasteignamati lóðarinnar, eins og það er ákveðið á hverjum tíma, og

skal telja hana af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því sem umfram er, skal sleppa.

73
5. nóvbr.

Leiguna skal greiða á skrifstofu bæjargjaldkerans í Reykjavík og er gjalddagi 2. janúar ár hvert fyrir árið, sem fer í hönd.

Sje leigan ekki greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal leigutaki greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum hundruð krónum — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga uns leigan er greidd.

Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksrjettur samkvæmt lögum frá 16. desember 1885.

Leigutaki og veðhafar eru skyldir að hlíta því, ef í lög verða sett ákvæði um, að leigan gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

5. gr.

Vilji bæjarstjórnin ekki að loknum leigutímanum leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram, skal bæjarstjórnin greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sje við matið tekið fult tillit til raunverulegs ástands bygginganna.

6. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við kaup þau, sem ræðir um í 5. gr., skal stofna sjóð, er nefnist „Skipulagssjóður Reykjavíkur“ og skal árlega leggja í sjóðinn einn þriðja hluta af lóðarleigu hverrar lóðar.

7. gr.

Fje það, sem greiðist í skipulagssjóð, skal ávaxta tryggilega, og þegar sjóðurinn er að áliti bæjarsjórnar orðinn nægilega stór, má veita úr honum lán til íbúðarhúsabygginga á leigulóðum bæjarins, gegn 1. veðrjetti í húsunum.

Fyrst um sinn og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hefir borgarstjóri á hendi stjórn sjóðsins, en bæjargjaldkeri reikningshald hans.

8. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga 14. janúar 1920 og skal gefa þeim, sem fengið hafa lóðir á leigu samkvæmt þeirri samþykkt, kost á að fá nýjan leigusamning samkvæmt þessari samþykkt.

Húsfyrningarsjóður sá, sem stofnaður var með samþykktinni 14. janúar 1920, skal frá 1. janúar 1928 renna í skipulagssjóðinn, enda

73 taki sá sjóður við skuldbindingum húsfyrningarsjóðs og tekjum, sem 5. nóvbr. honum kunna að bera eftir þann tíma.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið samkvæmt 31. gr. tilsk. 20. apríl 1872, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. nóv. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

74
8. nóvbr.

REGLUR

nm

útsvarsskýrslur utansveitarmanna.

Samkvæmt fyrirmælum í 11. gr. laga nr. 46 15. júní 1926 um útsvör eru eftirfarandi reglur settar:

1. gr.

Sveit í reglum þessum tekur bæði yfir hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn tekur bæði til hreppsnefnda og bæjarstjórna.

Atvinnusveit merkir hrepp eða kaupstað, þar sem atvinna er rekin.

Heimilissveit merkir þann hrepp eða kaupstað, þar sem atvinnurekandi eða atvinnustundandi á heimilisfang.

Utansveitarmaður merkir hvern þann, er rekur atvinnu eða stundar atvinnu utan sveitar sinnar.

2. gr.

Hverjum þeim, einstaklingi eða fjelagi, er:

1. hefir heimilisfasta atvinnustofnun, einkaatvinnu sína eða útibú, utan heimilissveitar sinnar,
2. hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi þeim ábúð, svo sem laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, er arð gefa, o. s. frv., utan heimilissveitar sinnar,
3. á heima erlendis, en rekur hjer atvinnu,
4. stundar fiskiveiðar og leggur upp afla af skipi utan heimilissveitar sinnar,